

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 25. fundur skólanefndar
21. febrúar 2006

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Gísli Ólafsson, Björg Ágústsdóttir, Sigríður Finsen, Eyþór Benediktsson, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Una Ýr Jörundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.
Forföll boðuðu: Sveinn Þór Elinbergsson og Pétur Ingi Guðmundsson.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fjármál

Ársmendur umfram fjárlög árið 2005 voru 24. Það gera rúmar 16 milljónir þar af fást 7,7 milljónir í uppbætur. Af þessu má sjá að sá hallarekstur sem hefur verið á stofnuninni fyrstu tvö starfsárin stafar af nemendatölum en reksturinn hefur verið að ganga vel.

Fyrir árið 2006 eru fjárheimildir miðaðar við 171 ársnemanda en gert er ráð fyrir að ársnemenda fjöldinn fyrir árið þurfi að vera 200. Nú þegar hefur verið rætt við ráðuneytið hvað það varðar. Ákvörðun um inntöku nemenda á haustönn ræðst af niðurstöðu ráðuneytisins um ársnemendafjölda fyrir árið 2006.

Umræður um fjármálin og ákveðið að undirbúa ályktun fyrir næsta fund um þessi mál.

3. Skólasamningur

Nýlega hefur verið undirritaður fyrsti skólasamningur skólans og gildir hann til ársins 2008. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri drögum er að Félagsmálabrautin hefur verið tekin út þar sem útséð er að hún er ekki að ganga í þeirri mynd sem hún var. Ennfremur var Vélstjórnarbraut 1. stigs, sett inn í samninginn sem sérverkefni. Talið heppilegra en að setja hana sem námsbraut því þá er skólinn ekki bundinn af því að bjóða upp á brautina á hverju ári.

Í framhaldinu þarf að búa til framkvæmdaskýrslu sem skila þarf í október t.d. um vinnu við skólanámsskrá o.fl.

4. Kynningarbæklingur fyrir skólann

GA sýnir fyrstu hugmynd að forsiðu á bækling fyrir skólann. Rætt um hvernig standa skuli að bæklingaútgáfu og hvert skuli senda þá. Hugmyndin er að senda bækling inn á hvert heimili á Snæfellsnesi. GA falið að vinna áfram að útgáfu bæklinga.

5. Önnur mál

- Talað um kynningu fyrir sveitarstjórnarmenn, áætlað í vor fljótlega að loknum kosningum.
- Rætt um niðurstöður vegna rútuaksturs á haustönn 2005.

- GA sótti um námsleyfi í einn mánuð og fékk það samþykkt, verður frá 20. mars og fram yfir páska.
- Umræður um hvernig skólstarfið gengur fyrir sig.
- Rætt um hvarf á skólatölvu.
- Rætt um lítinn hóp nemenda sem eru ekki að standa sig sem skyldi. Þeirra mál eru komin í farveg innan skólans.
- Rætt um félagslíf nemenda.
- Rætt um fyrirkomulag UT-ráðstefnunnar sem haldin verður í skólanum 3. mars næstkomandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Næsti fundur þriðjudaginn 21. mars 2006 kl. 16:30.